



**Umsögn frá Ungum jafnaðarmönnum**  
**131. löggjafarþing 2004-2005 // Þskj. 145 – 145. Mál**  
**Tillaga til þingsályktunar: um heiðurslaun listamanna**

Ungir jafnaðarmenn (UJ) eru andsnúnir sérstökum heiðurslaunum til listamanna.

UJ telja að þeir fjármunir sem nú eru notaðir til að greiða heiðurslaun eigi miklu frekar að renna til að styðja við bakið á ungum og upprennandi listamönnum, í að kaupa verk listamanna á markaðsverði og til að efla einstaka menningarviðburði.

Af þessu leiðir að UJ getur ekki stutt að fjölgað verði í hópi þeirra listamanna sem heiðraðir eru með mánaðarlegu peningaframlagi úr ríkissjóði ævilangt. Til að sýna þeim listamönnum sem þykja hafa skarað fram úr tilhlýðilega virðingu væri réttara að koma á fót sérstökum verðlaunum, sem forseti Íslands gæti til dæmis veitt.

UJ berst fyrir því að hér á landi sé réttlátt og skilvirkt almannatryggingakerfi sem tryggi að allir geti búið við mannsæmandi kjör, jafnvel þótt eitthvað gefi á bátinn. Það er ekki í samræmi við þessa skýru stefnu UJ að einum þjóðfélagshópi, umfram aðra, sé færður sérstakur réttur til eftirlaunagreiðslna, hvort sem þær greiðslur kallast heiðurslaun eða eitthvað annað.

Í samræmi við þetta vilja UJ taka fram að þeir eru líka andsnúnir þeim sérstöku eftirlaunaréttindum til handa ráðherrum og alþingismönnum sem samþykkt voru af þingmönnum stjórnarflokkanna á kjörtímabilinu.

-Framkvæmdastjórn Ungra jafnaðarmanna